

Kristjana Gestsdóttir

Subject: FW: Hraunvellir - fasteignagjöld

-----Original Message-----

From: halli@hraunvellir.is <halli@hraunvellir.is>

Sent: mánudagur, 12. október 2020 23:12

To: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>

Subject: Hraunvellir - fasteignagjöld

Sæll Kristófer.

Í framhaldi af samtali okkar fyrir helgina varðandi fasteignagjöldin, þá sendi ég þér hér með eftirfarandi erindi til sveitastjórnar sem ég óska eftir að fá svar við sem fyrst.

Nú liggur fyrir að covid19 hefur haft fordæmalausar afleiðingar fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Auðvitað hefur faraldurinn sjálfur takmarkað ferðavilja almennings um allan heim, en þó er það samt þannig að aðgerðir stjórnvalda hafa verið náðarhöggið sem hefur stöðvað komur ferðamanna til landsins.

Í fyrstu bylgju faraldursins þá var sett á sóttkví fyrir alla ferðalanga til Íslands og þá stöðvaðist öll ferðamennska. Þegar landið var opnað að nýju þann 15. júní, þá fóru ferðamenn strax að streyma til landsins og strax voru komnar rekstrarforsendur til þess að standa undir rekstri okkar gistiþjónustu. Í framhaldi af því að aðgerðir hins opinbera svo gott sem lokuðu landinu þann 19. Ágúst, þá tók upb 30 daga þangað til flestir ferðamenn voru farnir af landinu og hættir að koma til landsins og aftur höfðu ákarðanir ríkistjórnarinnar orsakað það að okkar starfssemi er sjálfhætt meðan núverandi ferðatakmarkanir eru í gildi.

Þessar ferðatakmarkanir verða í gildi hið minnsta til 1. Desember og engin víska er um hversu oft og lengi þeim verður framhaldið.

Okkar rekstur byggir á útleigu fasteigna til ferðamanna. Þessar fasteignir eru skilgreindar sem atvinnuhúsnæði og bera hæðstu fasteignaskatta sem lagðir eru á fasteignir. Nú er staðan sú að hið opinbera, sem setur lög um innheimtu skatta á atvinnuhúsnæði, hefur með aðgerðum sínum komið í veg fyrir að hægt sé að sinna þeirri atvinnustarfssemi. Samt sem áður heldur hið opinbera að innheimta skatta af atvinnuhúsnæðinu eins og allt sé í eðlilegu ástandi.

Starfssemin sem á að standa undir þessum skattgreiðslu hefur í dag þurft að þola 100% tekjufall eins og staðan er í dag.

Nú leita ég til ykkar um úrræði til að takast á við þessa stöðu. Ef samfélagið sem við búum í ætlar að takast á við þessar fordæmalausu aðstæður, þá þurfa menn að vinna saman að því að komast í gegnum þennan skafli sem enginn veit hvað mun vara lengi. Eina raunhæfa leiðin sem við sjáum er að fasteignagjöldin fyrir þetta ár verði felld niður og kæmi okkur ekki á óvart að slík mál ættu eftir að fara í gegnum alþingi í vetur.

Frá því að þetta ástand hófst í mars á þessu ári hef ég reglulega verið í sambandi við Kristófer og var greiðslu fasteignagjalda sett í frýstingu fram á haustið meðan óvissan átti að ganga yfir. Nú er óvissan enn meiri og því óska ég eftir því að fá greiðslufrest á fasteignagjöldunum fyrir þetta ár fram á vorið 2021. Vonandi verður öll óvissa búin á þeim tíma og við getum horft framá veginn.

Að öðru leiti erum við bjartsýn á framtíðina og höfum farið í vítækar ráðstafanir til að tryggja okkar rekstur til frambúðar. Það að fá frestun á fasteignagjöldin er síðasta verkefnið sem við þurfum að klára til að vera búin að ganga frá öllum lausum endum fyrir veturinn og vera tilbúinn í slaginn þegar ferðaþjónustan fer að rísa á ný.

Kveðja,
Haraldur Þór Jónsson
Hraunvöllum